

HUGMYNDIR FYRIR SKÓLASAFNIÐ

Það er óhætt að segja að skólasafnið sé hjarta lestrarmenningar hvers skóla og ættu skólar, sem vilja ýta undir og efla læsi nemenda sinna, að leggja mikla áherslu á að hlúa vel að bókasafni sínu. Skólar búa við ólíkar aðstæður hvað safnkost og aðstöðu varðar en allir skólar geta komið sér upp vísi að safni og tekið frá eitt horn í húsnæði sínu undir notalega lestraraðstöðu. Það er þó ekki allt fengið með góðri aðstöðu eða vænum bókakosti heldur verða skólasöfn að bjóða upp á fjölbreytta viðburði og skemmtilega dagskrá eigi þau að standa undir nafni sem hjarta lestrarmenningar skólans. Gott skólasafn getur stutt mjög vel við lestrarkennslu kennara og haft jákvæð áhrif á viðhorf nemenda til læsis svo það skiptir miklu máli að leggja áherslu á gott skólasafn og skipulagða starfsemi innan þess.

Lifandi skólasafn

Skólasafnið er rétti staðurinn til að vera með fjölbreytt verkefni og uppákomur tengdar bókum og bókalestri. Slík verkefna bjóða upp á óendanlega útfærslumöguleika sem geta virkilega lífgað upp á bókasafnið og aukið aðdráttarafli þess. Það er ekkert því til fyrirstöðu að nemendur hjálpi til við að gera skólasafnið sitt fallegt og notalegt en verkefnin bjóða upp á samþættingu við allar námsgreinar, ekki síst list- og verkgreinar.

Nokkrar hugmyndir

Hér koma nokkrar hugmyndir og eru sumar þeirra komnar frá nemendum. Listinn er að sjálfsögðu ekki tæmandi:

- Höfundur mánaðarins.
- Bók mánaðarins.
- Höfundarverk – allt sem höfundur hefur skrifað og umfjöllun um ævi hans.
- Kynning á bókaflökkum.
- Bókmenntagreinapemu: Skáldsögur, vísindaskáldsögur, teiknimyndasögur, ævintýri, matreiðslubækur, náttúrufræðiefni, ljóð o.s.frv.
- Efni tengt árstíðum.
- Efni tengt hátíðum og dögum tileinkuðum ákveðnu efni: Jól, nýja árið, páskar, hrekkjavaka, fullveldisdagurinn, dagur bókarinnar, dagur læsis, bangsadagurinn o.s.frv.
- Uppáhaldsbókin mín – nemendur.
- Uppáhaldsbókin mín þegar ég var lítil/l– starfsfólk og hvers vegna ekki að bjóða foreldrum að vera með!
- Kynning á fjölbreyttum textategundum.
- Bókakynningar og bókaumsagnir: Höfundar, starfsfólk og nemendur.
- Val á vinsælustu bókinni – stjörnugjöf.
- Kynning á höfundum sem hafa hlotið íslensku barnabókaverðlaunin.
- Hvað ert þú að lesa?: Nemendur og starfsfólk (stutt, skrifleg umfjöllun hengd upp í safni).

- Kynning á málsháttum og orðatiltækjum.
- Dagur íslenskrar tungu – dagskrá.
- Norræna bókmenntavikan.
- Upplestrarvika (nemendur lesa úreiginverkum eða upphátt fyrir aðra í kjölfar framsagnarþjálfunar).
- Heimsókn rithöfunda.
- Bókaklúbbar.
- Skríttin og skemmtileg orð (sjá *Læsisvef*).
- Lestur draugasögu – gist á bókasafni.
- Könnun á áhugaverðu lesefni.
- Kynning á útlánum að vori – vinsælasta efnið.
- Stóra upplestrarkeppnin.
- Litla upplestrarkeppnin.
- Söfnun áheita með lestri til að efla bókakost safnsins.

Það eru í raun lítil takmörk fyrir því hvernig hægt er að gera lestrarmenningu í skóla hátt undir höfði en með því sendir skólinn þau skilaboð að lestur og læsi skipti máli. Skólar eru því hvattir til að huga vel að skólasafni sínu en með því að gera það öðlast nemendur betri skilning á mikilvægi læsis og allur sá lestur, sem þeir verða að inna af hendi, öðlast ríkari merkingu og tilgang.

